

Fundargerð 10. fundar hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn að Laugalandi kl. 15, 9. desember 2014.

Mætt eru Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir. Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerð síðasta fundar.

2. Ljósleiðarinn. Staða framkvæmdar og íbúafundur.

Íbúafundur verður haldinn um lagningu ljósleiðarans miðvikudaginn 10. desember kl. 20.30 að Laugalandi. Þar verður framkvæmdin kynnt í heild sinni og fyrirspurnum íbúa svarað af oddvita og sveitarstjóra, ásamt Guðmundi Daníelssyni verkefnisstjóra. Í kjölfarið mun Guðmundur Daníelsson fara á hvert heimili í hreppnum og ákveða lagnaleið í samráði við landeigendur.

3. Landbótaáætlun Holtamannaafréttar 2015-2025.

Áætlunin kynnt eftir samþykki stjórnar Fjallskiladeildar Holtamannaafréttar. Uppgræðslan gengur vel og áburðargjöf er að skila verulegum árangri. Áætlunin er unnin af bændum sem nýta afréttinn til beitar og sem jafnframt eru þátttakendur í gæðastýringu sauðfjárframleiðslu. Þá er áætlunin unnin í samráði við sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps. Í afréttinn má árlega sleppa allt að 1200 ám auk lamba.

Samþykkt samhjóða og send Rangárþingi ytra til afgreiðslu. Í kjölfarið send Landgræðslunni og Matvælastofnun til undirritunar þar sem stofnanirnar eru aðilar að landbótaáætlunum.

4. Viðbúnaður, rýmingaráætlun og flóðahermun vegna mögulegra flóða í kjölfar eldgoss.

Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn við lögregluna á Hvolsvelli, kom á fundinn fyrir hönd almannavarna á svæðinu og kynnti rýmingaráætlun, flóðahermun í Þjórsá og Ytri-Rangá, og önnur möguleg viðbrögð vegna hugsanlegra náttúruhamfara vegna mögulegs eldgoss í Bárðarbungu. Farið var yfir framkvæmd rýmingar og það svæði sem rýmt verður, auk annarra viðbragða almannavarna og sveitarstjórna vegna mögulegra flóða. Drög að sviðsmyndun flóðaherma kynntar.

Líkur á slíku flóði eru afar litlar að mati almannavarna og sérfræðinga, en alltaf til staðar. Verið að endurmeta út frá nýrri flóðahermun hve þarf að rýma stórt svæði. Rætt um boðunarkerfi og fyrirkomulag upplýsinga til almennings og við rýmingu. Allir á umræddu svæði fá boðun þó þeir séu ekki inná rýmingarlista. Almennavarnir munu standa fyrir opnum fundum í hverju sveitarfélagi þegar endanleg áætlun liggur fyrir.

5. Álitsgerð vegna upprekstrarréttar.

Farið var yfir lögfræðiálit frá Pacta lögmönnum dagsett 23.10.2104 um rétt aðila til að komast inn á fjallskilaskrá. Stjórn Fjallskiladeildar leggur til að aðilum verði veitt upprekstrarleyfi út frá niðurstöðum álitsins.

Niðurstaða álits Pacta-lögmanna er sú að skilyrði upprekstrarréttar séu a. búfjáreign, b. landsnot í hreppi eða félagssvæði, c. skráning á lögbylaskrá. Uppfylli viðkomandi öll þessi skilyrði þá eru uppfyllt skilyrði 7. gr. laga nr. 6, 1986 um afréttarmálefni, fjallskil og fl. og 14. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Rangárvallasýslu.

Samþykkt samhljóða að lögbylið Dvergabakki fái upprekstrarrétt.

6. Fundargerðir til samþykktar.

- a. Varðar öll sveitarfélög embættisins. Málsnúmer 201412645770. Lögð fram beiðni um umsögn um lýsingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 á Langjökli. Snýst um gerð afþreyingar- og ferðamannasvæðis á 40 he. svæði á Langjökli. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirlögð gögn. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Skipulagsnefndar.
- b. Fundargerð stjórnar Fjallskiladeildar Holtamannaafréttar 2.12.14. Samþykkt samhljóða.
- c. Fundargerð Fræðslunefndar 27.11.14. Rafræn bókun sveitarstjórnar Ásahrepps 1.12.14. vegna umsóknar um flutning barna milli skólahverfa staðfest. Samþykkt samhljóða.

7. Fundargerðir til kynningar.

- a. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 21.11.14.
- b. Samráðsfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og Gámaþjónustunnar 26.11.14.
- c. Fundur Samtaka orkusveitarfélaga 17. fundur.
- d. Fundur Samtaka orkusveitarfélaga 18. fundur.
- e. Fundur stjórnar Félagsþjónustunnar 3.12.
- f. Fundur Skipulagsnefndar 6.12.14. 81. fundur. Málsnúmer 20120113631. Afgreiðslur byggingafulltrúa lagðar fram til kynningar, frá 20.11.-3.12. Þ.m.t. málsnúmer 201411995758. Heiti máls Ás 3 lóð I-7. Skráning á sumarhúsi í íbúðarhús. Það samþykkt af byggingafulltrúa.

8. Innsend erindi og önnur mál.

- a. Minnisblað frá forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra um götulýsingu í Rangárþingi ytra og Laugalandi. Lagt til að stofnaður verði greiðandinn *Laugalandskóli* vegna lýsingar þar í stað Rangárþings ytra. Samþykkt samhljóða.
- b. Kynning á breytingu á námsmati grunnskóla frá menntamálaráðuneytinu.

Efni: Ný aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti frá 2011 og greinasvið frá 2013 gera ráð fyrir breyttu einkunnakerfi við lok grunnskóla. Helstu breytingar eru þær að hverri einkunn fylgir lýsing á þeirri hæfni sem einkennir einkunnina og kallast lýsingin matsviðmið. Einkunnakerfið felur í sér þrepaskiptan kvarða, líkt og PISA, en einkunnir eru gefnar í bókstöfum. Í námskránni eru birt matsviðmið við lok grunnskóla fyrir tíu greinasvið auk lykilhæfni. Greinasviðin eru: íslenska, erlend tungumál, þ.e. enska og danska, listgreinar, verkgreinar, náttúrugreinar, skólaíþróttir, samfélagsgreinar, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Nýtt einkunnakerfi við lok grunnskóla tekur gildi frá og með vori 2016.

c. Bókun vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., hún samþykkt samhljóða:

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita byggðasamlagi sem sveitarfélagið er aðili að, veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku byggðasamlagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum og eru meðfylgjandi fundargerð þessari. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. er tekið til að fjármagna byggingu umhledsluhúss, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Björgvin G. Sigurðssyni, kt. 301070-4629, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Ásahrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

d. Breyting á samþykktum *Fjarskiptafélags Ásahrepps*. Við grein 4.1. bætist eftirfarandi: *Einnig er heimilt að kjósa allt að fjóra menn í varastjórn félagsins*. Samþykkt samhljóða.

e. Erindi frá *Veidifélagi Ytri-Rangár* vegna félagsfundar 13.12. Vegna kaupa dótturfélags *veidifélagsins*, Laxeyrar á 50% eignahlut í jörðinni Húsafelli 2 Borgarfirði. Erindið kynnt sveitarstjórn.

f. Umsókn um styrk vegna *Eldvarnaátaksins 2014*. Frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Óskað er eftir fjárframlagi. Erindinu vísað til *Brunavarna Rangárvallasýslu*.

g. Erindi frá *N4 sjónvarp* um þátttöku *Ásahrepps* í þáttaröðinni *Að sunnan*. Óskað er eftir 500.000 kr framlagi, sama frá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi gegn jafn mikilli umfjöllun um hvert þeirra. Erindinu hafnað.

h. Beiðni um fjárstuðning frá *Sögusetrinu* á *Hvolsvelli* vegna uppsetningu áhugamannasýninga á einleiknum *Merði* og leikritinu *Tyrkja-Guddu*. Erindinu hafnað.

i. Beiðni um stuðning við *Snorraverkefnið 2015*. Að verkefnið verði styrkt um 100.000 kr. eða um lægra framlag. Erindinu hafnað.

j. Samþykktir *Rangárþings* ytra sem lúta að *Ásahreppi*, samstarfinu vegna fræðslunefndar og *Lundar*. Það samþykkt. Bent á að bæta þurfi inn ákvæði um að *Ásahreppur* eigi einnig tvo

fulltrúa til vara í fræðslunefnd. Þá er bent á að tilgreina þurfi íþróttahús og sundlaug á Laugalandi heyri undir ákveðna nefnd í stjórnsýslunni.

- k. Tilboð um samning um lögfræðipjónustu við Pacta lögmenn. Lagt fram til kynningar.
- l. Skipun í Svæðisskipulag Uppsveita. Gert með það að markmiði að gera sameiginlegt svæðisskipulag fyrir svæðið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í svæðisskipulagsnefnd fyrir Uppsveitir Árnessýslu, Ásahrepp og Flóa. Fulltrúar sveitarfélagsins verða Egill Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir. Til vara Elín Grétarsdóttir og Karl Ölvirsson.

Fundi slitið 17.54.